

Tökum til máls:

Samtalshópar fyrir fólk með málstol



Í september fer af stað hópur fyrir fólk með málstol á vegum Heilaheilla. Verkefnið var styrkt af Heilbrigðisráðuneytinu og er þróað af hópi talmeinafræðinga.

Hópurinn hittist í húsnæði Heilaheilla að Sigtúni 42 á laugardögum kl.11:00-12:30. NEMA 1. október og 5. nóvember en þá er laugardagsfundur Heilaheilla á þessum tíma. Fyrsti tíminn er 10. september og síðasti tíminn 26. nóvember, alls 10 skipti.

Málstol er eitt af taugaeinkennum sem geta hamlað fólki eftir heillaslag.

Málstol verður vegna skaða á málstöðvum heilans.

Málstol hefur þau áhrif að einstaklingurinn á erfitt með að finna orð og mynda setningar.

Einnig hefur málstol oft áhrif á málskilning og færni til að lesa og skrifa.



Markmið **Tökum til máls** er að gefa fólki með málstol tækifæri til að æfa sig að segja frá og hlusta á aðra í samræðum um ýmis málefni.

Tveir talmeinafræðingar stýra hverjum tíma og taka fyrir ákveðið þema í hverri viku.

Áhersla er á málnotkun sem nýtist einstaklingnum í hans daglega lífi.

Öll fræðsla og verkefni verða aðlöguð að þörfum þátttakenda.

Verð námskeiðs er 10.000 kr

Hámarksfjöldi þátttakenda er 10 manns.

Áhugasöm skrái sig hér <https://forms.gle/BGY3PtDFvZVhH5FZ9>